

M-11/2019. Álit 17. desember 2019 – Endurupptaka á M-91/2015

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. desember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-11/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. nóvember 2015 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa og afhendingu á heitu vatni af Y, hér eftir nefndur seljandi. Í málinu var mál nr. 65/2019 tekið upp að nýju, en því máli hafði verið vísað frá. Ágreiningur aðila laut að aðferðum seljanda við afhendingu á heitu vatni og greiðslu í samræmi við þær aðferðir, sem álitsbeiðandi telur rangar. Nefndin lauk málinu þann 3. febrúar 2016 með álit nr. M-91/2015 þar sem málinu var vísað frá. Hinn 24. janúar 2019 óskaði álitsbeiðandi eftir endurupptöku málsins á þeim forsendum að málinu hafi ranglega verið vísað frá án efnislegrar umfjöllunar samkvæmt álit umboðsmanns Alþingis í máli sama eðlis.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 25. júlí 2017, tilkynnti kærunefndin aðilum að málið hefði verið endurupptekið og gaf seljanda frest til að koma athugasemdum eða frekari gögnum að í málinu. Athugasemdir seljanda við endurupptökubeiðni og meðfylgjandi gögn bárust endanlega þann 17. október 2019. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda sama dag og honum veittur kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar 24. október 2019. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda þann 29. október 2019 og var seljanda veittur kostur á að senda inn frekari andsvör til nefndarinnar. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin þann 6. nóvember 2019. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi hefur um langt skeið fest kaup á heitu vatni af seljanda til hitunar í fasteignum í sinni eigu. Þær fasteignir eru staðsettar í Kópavogi og í Ásahreppi, en álitsbeiðandi bjó áður í Reykjavík. Það vatn sem álitsbeiðandi fær afhent frá seljanda í Kópavogi og fékk afhent í Reykjavík, hefur verið um 82° heitt en í Ásahreppi er vatnið aðeins 47°. Af því leiðir að sú orka sem álitsbeiðandi fær úr hverjum rúmmetra á höfuðborgarsvæðinu er mun meiri en sú orka sem hann fær í Ásahreppi. Þar fær álitsbeiðandi einnig afhenta svokallaða mínútulíttra af heitu vatni eftir hemli (5 l/m).

Álitsbeiðandi telur að forsendur seljanda, fyrir verðlagningu vegna afhendingar á heitu vatni, séu rangar. Seljandi selur heitt vatn í lítrum eða rúmmetrum þegar fest er kaup á vatni til að hita upp fasteignir. Álitsbeiðandi vísar í skýringar við verðskrá seljanda þar sem segir að tilteknir taxtar gildi fyrir alla húshitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur. Þá segir: „Heitt vatn er selt samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu heits vatns. [Seljanda] er ekki skylt að veita afslátt af sölu heits vatns vegna lágs hitastigs þess á afhendingarstað enda geri [seljandi] þær ráðstafanir sem má ætlast til af [honum] til að halda hitastiginu í eðlilegu horfi.“

Álitsbeiðandi telur ekki eðlilegt af hálfu seljanda að afhenda heitt vatn og ákvarða verð vegna afhendingarinnar eftir rúmmetrum, þar sem heitt vatn er misjafnlega heitt þegar það kemur úr jörðu. Álitsbeiðandi segir eðlilegt að honum verði gert að greiða fyrir þá orku sem vatnið veitir honum enda er orka til húshitunar ástæða fyrir kaupunum. Telur álitsbeiðandi að seljanda beri að hafa verðskrá sína sanngjarna og eðlilega með hliðsjón af hitastigi vatnsins sem afhent er. Álitsbeiðandi bendir á að erlendis séu orkumælar í fasteignum sem mæla hitastig vatns sem fer inn og út og mismunur þeirra mælinga er sú orka sem neytandi notar og greiðir fyrir. Heitt vatn hefur einnig verið selt á þann hátt, eftir orkunotkun, hjá tilteknu fyrirtæki á Seyðisfirði og Höfn. Bendir álitsbeiðandi á að önnur orka er almennt seld eftir orkumagni en ekki umfangi, til að mynda sé rafmagn selt eftir notkun á kílóvöttum.

Að mati álitsbeiðanda er ósanngjarnt af hálfu seljanda að selja orku eftir rúmmetrum líkt og gert væri við sölu á köldu vatni, þegar tækni er til staðar sem getur mælt orkunotkunina. Þá hafi seljandi einn heimild til að selja vatn á umræddum svæðum og útbúi sjálfur skilmála sína og gjaldskrá án þess að álitsbeiðandi geti komið að gerð þeirra.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að afhenda sér heitt vatn til húshitunar í samræmi við mælanlega orku vatnsins en ekki rúmmetra eða mínútulítra.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum byggir seljandi á því að forsendur hans fyrir gjaldtöku á heitu vatni séu lögmætar. Að mati seljanda veita réttarheimildir í þessum málaflokki seljanda svigrúm til að ákvarða hvort innheimt er fyrir kaup á heitu vatni á grundvelli magns eða varma.

Um störf seljanda gilda lög nr. 136/2016 um Orkuveitu Reykjavíkur og reglugerð nr. 231/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt 4. gr. laganna fer gjaldtaka vegna hitaveitu eftir gildandi lögum og af því leiðir samkvæmt seljanda að stjórn seljanda setji gjaldskrá vegna sölu á heitu vatni. Við það sé stjórn seljanda bundin af 2. mgr. 4. gr. fyrrgreindra laga um að miða skuli við skil á eðlilegri arðsemi, en í framkvæmd er litið viðmiða um hóflega arðsemi samkvæmt 6. mgr. 32. gr. orkulaga nr. 58/1967. Í V. kafla orkulaga eru ákvæði um hitaveitur og kemur þar fram að ef hitaveita hefur fengið einkaleyfi skuli hún setja gjaldskrá sem staðfest er af ráðherra. Í lögnum eru engin önnur fyrirmæli um forsendur fyrir gjaldtöku og hvaða afmörkun skuli liggja þar til grundvallar. Auk framangreindra reglna gilda um hitaveitur tæknilegir tengiskilmálar hitaveitna, sbr. auglýsing nr. 890/2012, sem settir eru samkvæmt 82. gr. orkulaga og teljast hluti af reglugerð nr. 321/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur. Seljandi telur að leiða megi af skilgreiningu í grein 1.2. í skilmálunum að hitaveitur hafi val um það á hvaða forsendum heitt vatn er selt, en í ákvæðinu segir að hitaveitur geti ýmist stuðst við heitavatsmæla, orkuígildismæla eða hemla.

Samkvæmt gjaldskrá seljanda fyrir heitt vatn, nr. 1270/2018, sem staðfest var af ráðherra og birt var í Stjórnartíðindum 7. desember 2018, er heitt vatn selt á grundvelli magns. Hefur ráðherra því staðfest, samkvæmt áskilnaði orkulaga nr. 58/1967, að forsendur fyrir gjaldtöku seljanda séu í samræmi við lögbundnar heimildir. Innheimta á grundvelli magns er því ekki óeðlileg að mati seljanda, líkt og álitsbeiðandi heldur fram, heldur byggir á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

Seljandi telur að álitsbeiðandi hafi með engu móti sýnt fram á eða rökstutt þá fullyrðingu sína að verðákvörðun seljanda leiði til þess að umþrættur söluhlutur, þ.e. heita vatnið, geti talist gallað í skilningi 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Seljandi bendir á að hann hafi staðið við samning aðila um afhendingu á heitu vatni í samræmi við þær réttarheimildir sem gilda í samnings sambandinu, þ.e. sölu á grundvelli magns en ekki varma. Þá hafi álitsbeiðandi ekki sýnt fram á að heita vatnið henti ekki til húshitunar líkt og það er keypt til. Seljandi hafnar því kröfu álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi sérstaklega á ummæli forstjóra seljanda, sem hann lét falla í viðtali á Rás 2 þann 1. október 2019. Þar segir hann m.a. að „þá förum við úr því að selja tonn eða rúmmetra af vatni yfir í að selja orkuna sem er í vatninu og það er auðvitað miklu réttara að gera það“. Forstjóri seljanda tekur því að mati álitsbeiðanda undir sjónarmið hans í máli þessu. Álitsbeiðandi telur því liggja fyrir að ekki sé rétt að selja orku í rúmmetrum án tillits til hitastigs samkvæmt 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum sínum bendir seljandi á að ummæli forstjóra móðurfélags seljanda voru látin falla vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á nýjum mælum og möguleikum þeirra. Þau breyti hins vegar engu um að forsendur fyrir gjaldtöku seljanda eru í samræmi við lög og reglur. Seljanda sé því heimilt að krefjast greiðslu fyrir afhendingu á heitu vatni eftir magni en ekki varma.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir telur álitsbeiðandi að forsendur fyrir verðlagningu seljanda, við sölu á heitu vatni til hitunar í fasteignum hans, séu rangar. Í álitsbeiðni kemur fram að mikill munur er á hitastigi þess vatns sem berst að fasteign álitsbeiðanda í Kópavogi annars vegar og í Ásahreppi hins vegar. Er hitastig vatnsins í Kópavogi um 82° en um 47° í Ásahreppi. Fyrir liggur að seljandi krefst greiðslu fyrir afhendingu hvers rúmmetra af heitu vatni án tillits til hitastigs, en álitsbeiðandi telur að seljandi ætti að krefjast greiðslu fyrir þá orku sem seld er. Sú orka er meiri eftir því sem hitastig vatnsins er hærra.

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkp.). Í 1. mgr. 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiða af samningi aðila hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í 2. mgr. ákvæðisins segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- d. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- e. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann;
- f. vera í samræmi við þær kröfur opinbers réttar sem gerðar eru í lögum eða opinberum ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga á þeim tíma sem kaup eru gerð, ef neytandinn ætlar ekki að nota hlutinn á þann hátt að kröfurnar séu þýðingarlausar;

Þá segir í a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. nkpl. getur neytandi ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Kærunefndin telur ljóst að samningur milli álitsbeiðanda og seljanda, um kaup á heitu vatni, byggir á þeim lögum og reglum sem sérstaklega gilda um starfsemi seljanda. Er um að ræða orkulög nr. 58/1967, reglugerð nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur, tæknilega tengiskilmála hitaveitna sbr. auglýsing nr. 890/2012, svo og gjaldskrá seljanda sem birt var með auglýsingu nr. 1270/2018, auk eldri gjaldskráa sama efnis.

Tæknilegir tengiskilmálar hitaveitna eru settir samkvæmt ákvæði 82. gr. orkulaga og teljast, samkvæmt 2. mgr. ákvæðis 1.1. í auglýsingu nr. 890/2012, hluti af þeim reglugerðum sem gilda um starfsemi seljanda. Í ákvæði 3.2.2. í skilmálunum segir: „Hitaveitur setja í reglugerð eða sérskilmála stefnumörkun um hitaviðmið í dreifikerfi hvers veitu-eða gjaldskrársvæðis.“ Samkvæmt ákvæði 1.2. í hafa hitaveitur val um það á hvaða forsendum heitt vatn er selt, en í ákvæðinu segir að hitaveitur geti ýmist stuðst við heitavatnsmæla, orkuígildismæla eða hemla. Seljandi hefur sett sér gjaldskrá sem staðfest hefur verið af hálfu ráðherra og birt í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við V. kafla orkulaga og 6. gr. reglugerðar nr. 297/2006. Samkvæmt gjaldskrá seljanda er heitt vatn selt á grundvelli magns en ekki orku.

Fallast má á það með álitsbeiðanda að æskilegt væri að notast við mæla sem taka tillit til hitastigs þess vatns sem afhent er. Framangreindar reglur mynda hins vegar umgjörð um réttarsamband aðila og samkvæmt þeim er núgildandi framkvæmd seljanda í samræmi við lög og reglur. Fær kærunefndin því ekki séð að líta megi svo á, með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar, að forsendur seljanda fyrir verðlagningu séu rangar. Telur nefndin sér ekki fært að segja til um það hvort seljanda beri að festa kaup á kostnaðarsömum orkuígildismælum til notkunar við afhendingu á heitu vatni. Telur nefndin að þrátt fyrir misjafnt hitastig vatns milli landshluta hafi ekkert komið fram í málinu sem bendir til þess að heita vatnið sé haldið galla eða nýtist ekki með þeim hætti sem krafist er í nkpl. Telur kærunefndin sér því ekki unnt að slá því föstu að heitt vatn sem álitsbeiðanda er afhent sé haldið galla í skilningi 15. og 16. gr. nkpl.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VIII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X á hendur fyrirtækinu Y, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson